

Borgarráð 19. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á vinnustöðum Reykjavíkurborgar MSS24090104

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stöðu hljóðvistar á vinnustöðum Reykjavíkurborgar. Hvernig er eftirliti háttað, hversu oft eru þessi mál skoðuð og hvernig? Hvernig er dregið úr hávaða á hávaðasömum vinnustöðum eins og í skrifstofurýmum og skólum? Hefur verið gerð úttekt á hljóðvist eftir að opin rými komu til sögunnar?

Greinargerð

Hljóðvist á vinnustað skiptir miklu máli ef tryggja á vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum. Mikilvægi þess fer stöðugt vaxandi með auknum kröfum nútímans um opin vinnusvæði. Tempraður hljómur og hljóðeinangrun fær aðra merkingu í rými þar sem starfa tugir manna. Á háværum vinnustöðum er mikilvægt að atvinnurekendur vinni markvisst að því að draga úr hávaða og skapa eins mikið næði fyrir starfsmenn og mögulegt er. Í slíkum tilvikum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 912/2006 um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum. Fari jafngildishávaði yfir 80 dB(A) fyrir 8 tíma vinnudag er það á ábyrgð vinnuveitanda að útvega vandaðar heyrnarhlífar fyrir starfsmenn og sjá til þess að þær séu notaðar. Heyrnin er í húfi. Í grunn- og leikskólum þarf hljóðeinangrun á milli kennslustofa að vera fullnægjandi. Matsalir skóla og reyndar vinnustaða líka eru víða of hljómmiklir. Þar hittast nemendur og starfsfólk mögulega í eina skiptið yfir daginn og óhindruð tjáskipti, þar sem margir tala í einu, því mikilvæg. Hljóðhönnun matsala þarf að tryggja þessi lífsgæði. Hér er aðeins nefnt brot af vinnustöðum sem Reykjavík þarf að huga hvað varðar hljóðvist en borgin er stærsti vinnustaður borgarinnar.